

## Skýrsla foreldraráðs fyrir skólaárið 2023-2024.

Í ár sátu fjórir foreldrar í foreldraráði og er það samrekið með foreldrafélaginu á þann hátt að sömu aðilar sitja í þeirri stjórn.

Í stjórn sitja: Fríða Björg Þorbjörnsdóttir, Karen Kristjánsdóttir, Kolbrún Hrönn Sigurbórsdóttir og María Björk Gunnarsdóttir.

Nú í vor fór leikskólastjóri vel yfir drög að skóladagatali næsta vetrar, fór yfir innra mat leikskólans og kynnti starfsáætlun næsta árs. Foreldraráð gerir ekki athugasemdir við starfsáætlun né skóladagatal.

Þá tekur foreldraráð undir þær niðurstöður sem komu úr innra mati þar sem kemur fram að ánægja ríkir meðal foreldra með leikskólann og starf hans.

Þá tekur foreldraráð einnig undir þær niðurstöður úr innra matinu sem snéru að athugasemdum um útisvæði sem gæti verið meira aðlagandi og þá sérstakleg malarleikvöllur fyrir framan skólann. Einnig kom fram að skoða mætti betur matseðil leikskólans, með tilliti til næringu og samsetningu matar fyrir börn. Bílastæði voru einnig nefnd í innra matinu en enn á eftir að klára merkingar og annan frágang á bílastæðinu sem myndi bæta umferðaröryggi á bílastæði.

En heilt yfir var almenn ánægja með starf leikskólans á meðal foreldra. Viljum við sérstaklega taka fram að á leikskólanum ríkir mjög góður starfsandi og traust starfsfólk, ekki hefur verið mikið um breytingar í starfsmannahópnum sem er mjög ánægjulegt.

Að lokum vill foreldraráðið vekja athygli á því annað árið í röð að í Giljatanga búa börn á leik og grunnskólaaldri ásamt starfsmönnum úr grunn og leikskóla. Frá Giljatanga að skólasvæðinu þarf að þvera aðkomuveg að skólanum.

Þar sem íbúar Giljatanga þurfa að þvera að skólanum er ekkert sem bendir ökumönnum á umferð fótgangandi.

Þá er lýsing mjög ábótavant og verið að bjóða hættunni heim á meðan ekkert er að gert á þessum stað, þar sem skólabílar og foreldrar eru að keyra börn í leik- eða grunnskóla.

Fyrir hönd foreldraráðs,  
María Björk Gunnarsdóttir